

Orkustofnun
b.t Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2023
UST202311-246/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - vegna áforma um Seljaárvirkjun í Kaldrananeshreppi

Vísað er til erindis Orkustofnunar sem barst Umhverfisstofnun þann 22. nóvember síðastliðinn. Óskað er eftir umsögn um rannsóknarleyfi vegna Seljaárvirkjunar í Kaldrananeshreppi.

Í málgögnum kemur fram að Smávirkjanir ehf. hafi óskað eftir 5 ára rannsóknarleyfi á grundvelli 40. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Rannsóknarleyfið felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu auðlindarinnar. Tilgangur rannsókna er að afla þekkingar á svæðinu þannig að hægt sé að útfæra frumhönnun virkjunarinnar, meta hagkvæmni virkjunarinnar og til þess að afla nægra upplýsinga til þess að senda inn matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Frummat á afli virkjunarinnar skv. skýrslu Verkís um smávirkjanir er að hún geti verið allt að 2 MW í uppsettu afli með fallhæð upp á 265 m.

Þær rannsóknir sem framkvæmdaraðili ætlar að ráðast í eru eftirfarandi: landmælingar, GPS mælingar, gerð hæðarlínukorta, jarðfræðirannsóknir (yfirborðsrannsóknir vegna berggrunns, leit að byggingarefnum og val á staðsetningu mannvirkja), rennslismælingar og vatnafræði (rennslismælingar og mat á aurburði) og umhverfi (fuglalíf, lífríki árinna, árbotn, jarðmyndanir).

Lög um stjórn vatnamála

Fyrsta [vatnaáætlun Íslands](#) var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Nokkur vatnshlot eru innan þess áhrifasvæðis sem hægt er að sjá í greinargerð með fylgigögnum (Umsókn um rannsóknarleyfi, vegna Seljaárvirkjunar), en má þar helst nefna vatnshlotið Seljá (vatnshlotanúmer 101-424-R). Umhverfismarkmið allra vatnshlota á svæðinu er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má

ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og [vatnavefsjá vatnamála](#)). Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota byggir á líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum (sjá vatnaáætlun).

Gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifasvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Bent er á að vatnsaflsvirkjanir hafa umtalsverð áhrif á vatnshlot öllu jafna, og því ber að huga snemma að því í ferlinu hver áhrifin á vatnshlot verða, bæði bein og óbein áhrif. Verði niðurstöður slíks áhrifamats til þess að líklegt sé að umhverfismarkmið náist ekki, getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshlotunum.

Seljaá (101-424-R), rennur í Selá (101-129-R) í Selárdal og þaðan til sjávar í Steingrímsfirði. Á sama svæði er fyrirhuguð allt 10 MW vatnsaflsvirkjun, Kvíslatunguvirkjun. Mikilvægt er að meta samlegðaráhrif þessara tveggja virkjana í rannsóknum tengdri virkjun Seljaár. Báðar virkjanir koma því til með skerða rennsli Selár í Selárdal.

Óbyggð víðerni og sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að vötn og tjarnir, sem eru á fyrirhuguðu virkjunarsvæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði Seljávirkjunar fellur innan stærsta samfellda óbyggða víðernis Vestfjarða. Umhverfisstofnun bendir á að í náttúruverndarlögum segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Óbyggð víðerni eru skilgreind svæði í óbyggðum sem eru að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að samlegðaráhrif allra fyrirhugaðra virkjana á óbyggð víðerni verði skoðuð ítarlega.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Marianne Jensdóttir Fjeld,
Verkefnastjóri vatnamála